

**35. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 7. nóvember, kl. 16:05, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari og Sólveig Jónsdóttir almannatengslafulltrúi. Einnig er mætt Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Þóra Sigurðardóttir og Gunnar Sigurðsson boða forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð 34. fundar frá 24. október sl., er samþykkt með tilteknum breytingum.

**2. FIG B cup í Ostrava.**

Verkefnisstjóri óskar eftir sambærilegum styrk og veittur var vegna áskorunarmóts í Maribor í Sólvéníu 23.-25. september 2011, þ.e. að FSÍ borgi hina svokallaða „dómarasekt“ vegna FIG B cup mótsins.

Málið rætt og beiðnin samþykkt með vísan til Wild Card umsóknar fyrir Viktor Kristmannsson.

**3. Styrkveiting úr Fimleikasjóði Íslands.**

Stjórn hefur borist bréf frá Jóni Finnbogasyni f.h. Fimleikasjóðs Íslands.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir frekari upplýsingum frá Jóni. .

**4. Erindi frá tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna**

Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna óskar eftir 30.000 króna styrk vegna undirbúnings Norður Evrópumótsins í áhaldafimleikum í nóvember 2011. Fjárhæðinni verði varið til að greiða fyrir vinnu tveggja dómara sem nefndin hefur hug á að fá til að mæta á landsliðsæfingu til að dæma og leiðbeina keppendum.

Málið rætt. Því miður sér stjórn sér ekki fært að verða við beiðni nefndarinnar með vísan til þess að ekki eru fordæmi fyrir því að FSÍ greiði fyrir dómgæslu. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna nefndinni um afgreiðslu málsins.

## **5. Tillaga um breytingar á lögum FSÍ.**

Þorgerði og Ragnheiði var á síðasta fundi falið að fara yfir athugasemdir og breytingatillögur sem fram komu á formanna- og framkvæmdaráðsfundum og kynna þá vinnu fyrir stjórn áður en frumvarpið verður sent til umsagnar laga- og reglunefndar.

Málið rætt og farið yfir frumvarpsdrögin og greinargerðina og gerðar tiltekna breytingar. Frumvarpsdrögin í heild og meðfylgjandi greinargerð til laga- og reglunefndar eru bornar undir atkvæði. Frumvarpsdrögin eru samþykkt með þremur atkvæðum. Einn stjórnarmaður situr hjá.

Framkvæmdastjóra falið að senda frumvarpið og greinargerðina til laga- og reglunefndar.

## **6. Þjálfun landsliða í hópfimleikum – svör aðildarfélag um þátttöku aðildarfélaga í kostnaði við þjálfun.**

Á formannafundinum þann 15. október sl., var ákveðið að stjórn FSÍ sendi aðildarfélagunum kostnaðaráætlun vegna landsliðsæfinga hópfimleikaliða sem keppa eiga á Evrópumótinu í hópfimleikum 2012 ásamt tillögum um fyrirkomulag kostnaðarskiptingar.

Málinu er frestað.

## **6. Móta- og námskeiðahald í október 2011.**

Stjórn FSÍ þakkar fimleikafélagi Akraness sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd haustsmóts í hópfimleikum 28.-30. október sl.

Stjórn FSÍ þakkar fimleikadeild Akureyrar sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd Haustsmóts í 3., 4. og 5.þrepi í áhaldafimleikum 4.-6 nóvember sl.

Stjórn þakkar tækninefnd í áhaldafimleikum karla fyrir dómara námskeið sem haldið var helgina 29.-30. október sl. Níu manns sóttu námskeiðið.

## **7. Norður Evrópumótið í áhaldafimleikum**

Stjórn samþykkir tilnefningu tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna og um að Gabor Kiss verði landsliðsþjálfari kvenna á mótinu. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins í samræmi við verkferla.

## **8. Verkefnistjóri í áhaldafimleikum.**

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við verkefnisstjóra í áhaldafimleikum um framlengingu á störfum verkefnastjórans fram að fimleikaþingi í febrúar 2012.

## **9. Til kynningar.**

- a. Breyting á styrkjafyrirkomulagi. Sjá nánar vef ráðuneytisins: [www.mrn.i](http://www.mrn.i)

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 21. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 19.15.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.